

Almenn skilalýsing

Breiðhella 18, Hafnarfirði

Landnúmer: L203388



Almennt

Ný og vönduð geymslu- og iðnaðarbil að Breiðhelli 18 í Hafnarfirði.

Húsnæðin skilast fullfrágengin með lokaúttekt. Áætlaður afhendingartími er vorið 2026.

Stofnhús byggir 48 vönduð geymslu- og iðnaðarbil í fjórum nýbyggingum. Hver eining er með sérinngangi og mikilli lofthæð. Öll bilin eru tveggja hæða og flest þeirra eru frá 58 m² til 83 m² að grunnfleti. Milliloft er til staðar í nokkrum bilum, en auðvelt er að bæta milliloftum við í önnur bil. Einnig er möguleiki á að innrétta snyrtingu og kaffiáðstöðu í öll bil.

Sérafnotareitur fylgir bilum í húsum A, B og D og er staðsettur bak við byggingarnar. Svæði fyrir sorp er á tveimur stöðum við lóðamörk í norður en sorpskýli verða forsteypt bogaskýli. Lóðin verður malbikuð með bílastæðum.

Nánari lýsing

Burðarvirki: Undirstöður og botnplata eru staðsteypt en megin burðarkerfið er límtré.

Byggingarnar hafa mikla lofthæð, um 7,9m við hávegg og 6,6m við lágvegg í húsum A, B og D en um 7,9m við mæni og 6,8m við útvegg í húsi C.

Frágangur að innan: Innveggir milli eignarhluta eru yleiningar með 100mm steinullareinangrun. Allir innveggir uppfylla a.m.k. EI 60 eldvarnarkröfu. Stigahandrið eru úr stáli og/eða léttri timburgrind sem klædd er með plötum. Bilin verða afhent með epoxy gólfum á neðri hæð.

Frágangur að utan: Utan á límtréseiningarnar eru festar samlokueiningar með 100mm steinullareinangrun. Þak hússins er úr samlokueiningum með 150mm steinullareinangrun.

Gluggar og hurðir: Gluggar og gönguhurðir eru úr áli og/eða timbur/áli í dökkgráum lit. Allt gler er samlímt einangrunargler en í gólfsíðum gluggum og glerhurðum er öryggisgler. Innkeyrsluhurðir eru af vandaðri gerð með rafmotersopnun.

Lagnir og loftræsting: Frárennislagnir eru til staðar fyrir mögulega snyrtingu og kaffiaðstöðu. Inntök allra lagna eru í tæknirými á 1.hæð. Húsið er loftræst á náttúrulegan hátt í gegnum opnanleg fög.

Hitun: Gólfhitalagnir eru lagðar í steinsteypta plötu. Möguleiki er á ofnum á 2. Hæð.

Raflagnir: Hvert rými verður með sér töflu ásamt lömpum í loftum. Sjá nánar á raflagnateikningum.

Lóð: Lóð verður fullfrágengin með malbikuðu bílaplani. Bílastæði fylgir öllum bilum.

Brunavarnir: Brunavarnir eru samkvæmt greinargerð ÖRUGG verkfræðistofu.

Annað: Myndavélakerfi verður sett upp og komið í umsjá húsfélags